

Mál nr. 386/2018**M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins A****Ágreiningur um bótaskyldu er maður datt á leið sinni að grenndargámi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.11.2018, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.12.2018.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tjónstilkynningu var M hinn 28. nóvember 2017 að fara með pappír og plast í grenndargám nálægt heimili sínu í sveitarfélaginu A. Kvaðst hann hafa gengið yfir götu í átt að gáminum, en þar sé brött brekka og illa sýnileg vegna engrar lýsingar. Það hafi verið „hulin ísing í brekkunni illa sjáanleg“. Hafi hann runnið til og skolið harkalega niður. Hlaut M brotáverka á hægri fótlegg.

M kveður aðstæður við umrætt gámasvæði, sem A beri ábyrgð á, hafa verið óforsvaranlegar þar sem ekki hafi verið gætt að nauðsynlegum hálkuvörnum við svæðið. Vegna saknæms aðbúnaðar, athafnaleysis og vanrækslu beri A ábyrgð á líkamstjóni hans og hefur hann krafist bóta fyrir tjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í málinu liggja fyrir þrjár ljósmyndir af malbornu svæði þar sem M mun hafa fallið. Ekki er greint í gögnum málsins með nákvæmum hætti hvar á svæðinu M féll. Á ljósmyndunum er ekki að sjá þann gám sem M var á leið að þegar hann féll. Í ljósi þessa og gagna málsins að öðru leyti hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi fallið á svæði við umræddan gám eða á annarri afmarkaðri gönguleið þar sem A hafi borið að gæta hálkuvarna. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki séð að A geti borið ábyrgð á því líkamstjóni sem M varð fyrir umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins A hjá V.

Reykjavík, 8. janúar 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.